

Fimmtudaginn 24. september 1998.

Nr. 29/1998.

Trévirki ehf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

gegn

Ólafi Kr. Sveinssyni

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Skaðabætur. Vinnuslys. Örorka. Sakarskipting. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1998. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda, en til vara lækkunar á þeim, og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

I.

Verki því, sem stefndi var að sinna á verkstæði stefnda 30. september 1992, þegar hann hlaut varanlegt mein á tveimur fingrum vinstri handar af skífublaði í borðsögunarvél, er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Við það verður að miða, að hann hafi farið að ábendingu verkstjóra síns, þegar hann breytti um vinnuaðferð og ákvað að saga síðasta viðarbútin af þremur í umræddri vél, sem þá þurfti að nota án öryggishlífar. Samkvæmt framburði fyrirsvarsmanna áfrýjanda verður einnig við það að miða, að þessi notkun sagarinnar og vinnubrögð svipuð þeim, er stefndi beitti, hafi tíðkast á verkstæðinu í einhverjum mæli. Með vísan til þessa og annars til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu dómenda, að áfrýjandi beri skaðabótaábyrgð á slysi stefnda.

Stefndi var fullnuma trésmiður og átti að baki alllanga reynslu við smíðar á verkstæðinu, þegar málsatvik gerðust. Honum mátti vera ljóst, að vinnuaðferð hans var stórhættuleg og verkið raunar ekki hættulaust, þótt stoppklossi væri notaður. Samkvæmt því verður að líta svo á, að stefndi eigi einnig sök á því, að slysið varð. Er

hæfilegt eftir öllum atvikum, að hann beri tjón sitt sjálfur að 1/3 hluta, en stefndi bæti honum það að 2/3 hlutum.

II.

Læknisfræðileg örorka stefnda af völdum slyssins var metin 29. mars 1995 sem 100% í tólf mánuði frá slysdegi og eftir það 50% í einn mánuð, en síðan varanlega 10%. Eru þær niðurstöður óumdeildar svo og niðurstöður af líkindareikningi tryggingafræðings frá 28. febrúar 1997, sem bótakrafa stefnda er studd. Þá er óumdeilt, að stefndi hafi fengið greidd laun frá áfrýjanda fyrstu mánuðina eftir slysið og síðan 169.973 krónur í dagpeninga úr lögbundinni slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins til desembermánaðar 1993. Jafnframt hafi hann fengið greiðslur úr samningsbundinni slysatryggingu launþega hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., sem stefnt var til réttargæslu í héraði, annars vegar 557.173 krónur í dagpeninga og hins vegar 507.510 krónur sem eingreiðslu vegna varanlegrar örorku.

Í hinum áfrýjaða dómi er óbætt fjártjón stefnda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku talið nema samtals 2.520.000 krónum og bætur fyrir miska ákveðnar 150.000 krónur. Eigi heildarfjárhæð bóta þannig að verða 2.670.000 krónur, þegar gætt hafi verið áhrifa fyrrnefndra greiðslna á fjártjónið. Af hálfu áfrýjanda er mati dómenda ekki mótmælt, en hins vegar heldur hann því fram, að laun frá honum og greiðslur úr samningsbundinni slysatryggingu eigi ekki að draga frá heildarbótum vegna slyssins, heldur aðeins þeim hluta, er falli til stefnda, eftir að tillit hafi verið tekið til eigin sakar hans. Á þetta verður ekki fallist, þar sem ekki er vefengt, að stefndi hafi átt rétt til launanna samkvæmt vinnusamningi sínum, og hagur af slysatryggingunni, sem áfrýjandi hafði keypt samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamnings, á ekki að koma misjafnt við málsaðila.

Samkvæmt þessu verður áfrýjanda gert að greiða stefnda tvo þriðju hluta fyrrgreindrar heildarfjárhæðar, 1.780.000 krónur, með sömu vöxtum og dráttarvöxtum og á er kveðið í héraðsdómi.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 450.000 krónur í málskostnað í héraði.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í

ríkissjóð, eins og mælt er um í dómsorði, þar sem einnig er kveðið á um gjafsóknarkostnað.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Trévirki ehf., greiði stefnda, Ólafi Kr. Sveinssyni, 1.780.000 krónur með ársvöxtum, sem nemi 1% frá 30. september 1992 til 11. ágúst 1993, 1,25% frá þeim degi til 11. nóvember sama ár, 0,5% frá þeim degi til 1. júní 1995, 0,65% frá þeim degi til 1. október 1996, 0,75% frá þeim degi til 28. febrúar 1997 og 4,5% frá þeim degi til 8. apríl sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 450.000 krónur í málskostnað í hér-aði.

Áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og renni þær í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 200.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 20. október 1997.

Mál þetta var dómtekið 9. október 1997, en þingfest 8. apríl 1997. Stefnandi er Ólafur Kristján Sveinsson, kt. 311070-3049, Fögrukinn 27, Hafnarfirði, en stefndi Trévirki ehf., kt. 520165-0109, Skeifunni 3, Reykjavík. Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, er stefnt til réttargæslu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði stefnanda 2.719.796 krónur með 1% vöxtum af 3.227.306 krónum frá 30. 9. 1992 til 11. 8. 1993, 1,25% frá þeim degi til 11. 11. 1993, 0,5% frá þeim degi til 1. 6. 1995, 0,65% af stefnujárhæð frá þeim degi til 1. 10. 1996, 0,75% frá þeim degi til 28. 2. 1997 og með 4,5% frá þeim degi til 8. 4. 1997. Vaxta er krafist á höfuðstól og dráttarvaxta frá þingfestingardegi 8. 4. 1997 skv. III. kafla laga nr. 25/1987 til greiðsludags. Málskostnaðar er krafist skv. málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar. Réttargæslustefndi gerir ekki kröfur, enda engar kröfur gerðar á hendur honum.

I.

Málsatvik eru þau, að stefnandi slasaðist 30. september 1992 við vinnu sína hjá stefnda. Hann var þá 21 árs og nýútskrifaður sem sveinn í trésmíði. Hafði hann unnið fjögur ár á verkstæði stefnda með námi í Iðnskólanum. Tildrög slyssins voru þau, að stefnandi var ásamt verkstjóra sínum og afa, Ólafi Kr. Guðmundssyni, að skipta um útidyrhurðir og dyrapósta fyrir þrjú fyrirtæki í Skeifunni 3, Reykjavík, þ. á m. hjá fyrirtæki stefnda, Trévirki ehf. Að verkinu var staðið þannig, að teknar voru niður hurðir og karmar, en í körmunum voru póstlúgur. Hafði stefnandi m. a. það hlutverk að saga úr körmum dyranna fyrir póstlúgum. Þegar slysið varð, hafði stefnandi sagað út fyrir tveimur póstlúgum með lítilli rafmagnssög, sem var vel búin öryggishlífum. Hafði allt gengið að óskum, og kunni stefnandi vel við þessa aðferð. Hún var hins vegar nokkuð seinvirk. Gerði hann þetta með þeim hætti, að fyrst festi hann karminn, sem póstlúgan átti að vera í, með skrúfum í hvorn hæðarpóst, þannig, að stykkið, sem hann ætlaði að saga, varð fast í skrúfum og þéttiefni. Næst merkti hann fyrir póstlúgunni og sagði með handsöginni. Því næst notaði hann litla stingsög til að ljúka við að saga út fyrir lúgunni. Er stefnandi ætlaði að festa hliðarkarminn í þriðju dyrnar og saga úr honum með sama hætti og áður, kallaði verkstjórinn í hann og sagði honum að saga úr karminum í borðsöginni inni á verkstæði, þar sem það myndi vera mun fljótlegri aðferð. Stefnandi hlýddi þessu og fór með karminn inn á verkstæðið. Kveðst hann hafa byrjað á að skipta um sagarblað í borðsöginni, þar sem í henni var svokallað plötublað, sem notað var til þess að saga spónaplötur. Kveðst stefnandi hafa sett í sögina svokallað þunnt ristiblað, sem hentaði betur til þess að saga furu. Þegar hann hafði stillt sagarblaðið, lagði hann viðarkubbinn rólega niður á blaðið á móti snúningsátt þess. Þannig kveðst hann hafa séð aðra starfsmenn stefnda fara að, þegar verið var að saga furu og þykkan krossvið. Vel hefði gengið að komast í gegnum bútinn, en óhappið orðið, þegar hann lyfti bútum upp af blaðinu. Þá hefði sagarblaðið gripið í kubbinn og þeytt honum upp á við í snúningsátt sagarblaðsins. Við þetta hefðu þrír fingur vinstri handar lent í sagarblaðinu.

Stefndi tilkynnti slysið samdægurs Vinnueftirliti ríkisins. Segir í skýrslu þess, að viðarbúturinn hafi verið 80 cm á lengd. Stefnandi hafi lyft viðarbútnum upp á annan endann og ætlað síðan að láta hann síga hægt niður á blaðið. Vinnueftirlit ríkisins telur orsakir slyssins vera þær, að sagarblaðið hafi ekki hentað fullkomlega í þetta verk, og enn fremur, að viðarbúturinn hafi verið of stuttur til þess að nota þetta verklag. Öruggara hefði verið að setja klossa á sagarborðið til þess að styðja við annan enda bútsins.

Í örorkumati Atla Þórs Ólasonar læknis segir, að stefnandi hafi slasast á vinstri hendi, baugfingri og löngutöng. Áverki á baugfingri hafi leitt til þess, að gera hefði þurft liðinn stífan. Fingurinn hafi gróið í slæmri stöðu og í nokkrum snúningi. Það valdi því, að baugfingur sæki yfir á litlafingur í beygjustöðu og nýtist illa í starfi handarinnar. Skemmd á löngutöng var einkum á naglabeð, sem er nú um 2 mm styttri en naglabeður hægri handar. Það er mat læknisins, að baugfingur sé lítt nothæfur og samsvari fingurmissi, 10% varanlegri örorku. Tímabundin örorka er metin 100% í tólf mánuði og síðan 50% í einn mánuð.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda. Í skýrslu hans segir m. a.:

„Samkvæmt ljósrítum af skattframtölum Ólafs voru vinnutekjur hans ár-in 1990–1992 eins og að neðan greinir, og eru tekjurnar jafnframt sýndar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga:

			Umreiknaðar	
		Tekjur		tekjur
Árið 1990	kr.	1.313.423	kr.	1.886.600
Árið 1991	–	1.477.888	–	1.988.600
Árið 1992	–	1.473.727	–	1.934.200
		Meðaltal	kr.	1.903.000 (?)

Á þessari forsendu fæst slysdagsverðmæti tekjutaps:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	1.651.800
Vegna varanlegrar örorku	–	3.900.200
	Samtals	kr. 5.552.000
og töpuð lífeyrisréttindi	kr.	234.000

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 28/2 1997 notaðir vextir og vaxtavextir (ég legg vexti við höfuðstól um hver áramót) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (1% frá slysdagi, 1,25% frá 11/8 1993, 0,5% frá 11/11 1993, 0,65% frá 1/6 1995 og 0,75% frá 1/10 1996). Samsettir vextir frá slysdagi til útreikningsdags eru 3,17%. Eftir útreikningsdag eru notaðir 4,5% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árána 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi eftir samskiptum reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.“

Ólafur Kr. Guðmundsson, kt. 160628-3249, kom fyrir dóm. Hann er afi stefnanda og var verkstjóri hans umrætt sinn. Staðfesti hann þá frásögn stefnanda, að hann hefði gefið stefnanda fyrirskipun um að fara inn á verk-

stæði og saga búið í borðsöginni. Taldi hann, að þannig ynnist verkið fljótar. Kvað hann það hafa oft verið tíðkað hjá stefnda að saga viðarbúta með þessum hætti. Venjulega væri stoppklossi ekki notaður, þegar ein einstök spýta væri söguð, miklu frekar, þegar margar væru sagaðar. Þegar þessari sögunaraðferð væri beitt, væri ekki unnt að nota öryggishlífar á sögina. Ólafur kvaðst hafa selt hlut sinn í fyrirtækinu fyrir tæpum þremur árum, en væri þó enn skráður stjórnarformaður, að því er hann best vissi.

Gísli Eyjólfsson, kt. 010332-4949, er einn eigenda stefnda. Hann sagði, að búið væri að kjósa nýja stjórn í félaginu, en vera kynni, að það hefði ekki verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár. Hann sagði algengast, að stoppklossar væru notaðir, ef saga ætti mikið, annars væri það mat hvers og eins. Borðsögin væri notuð við slík verk, en þá væri það mat hvers smíðs, hvernig hann teldi best að standa að verki. Hann taldi, að stefnandi hefði beitt nokkuð hættulegri aðferð umrætt sinn. Sögin sé kraftmikil og geti auðveldlega gripið stuttan viðarbút, sérstaklega þegar halda þurfi í búið með báðum höndum. Stoppklossi væri til bóta, en samt sem áður gæti sögin gripið hann.

Gylfi Eyjólfsson, kt. 060240-4309, hefur unnið á verkstæði stefnda frá árinu 1957. Hann taldi, að stefnandi hefði notað ranga og hættulega vinnuáðferð umrætt sinn. Hitt sé annað mál, að þetta sé oft gert svona, en þá oftast með því að nota stoppklossa við annan endann, því að þá væri meira hald.

II.

Stefnandi heldur því annars vegar fram, að hann hafi fengið röng fyrirmæli verkstjóra, og hins vegar, að vinnubrögð á verkstæðinu við notkun borðsagar hafi verið óverjandi.

Stefnandi hafi í öllu farið eftir beinum fyrirmælum verkstjóra síns, sem hafi tekið sig úr öruggu verki og falið sér að vinna það með áhættusamri aðferð. Parna hafi verið um yfirsjón hjá verkstjóra að ræða, sem stefndi beri ábyrgð á samkvæmt húsbóndaábyrgðarreglunni. Aldrei hefði átt að saga þennan viðarbút í borðsög, þar sem hann sé svo stuttur, að erfitt sé að koma svokölluðum stoppklossa við. Stefnandi hafi ekki fengið leiðbeiningar eða fyrirmæli um aðrar leiðir, sem tryggt gætu öryggi hans við þetta verk. Handsögin hafi verið búin fullkomnum hlífum, sem varni því, að sagarblaðið standi nokkurn tíma opið. Hefðu afskipti verkstjórans ekki komið til, hefði stefnandi lokið verkinu á sama hátt og hann hafði áður gert við hinar hurðirnar tvær. Stefnandi hafi verið 21 árs að aldri, þegar slysið varð, og nýútskrifaður sveinn. Hann hafi því verið ungur og óreyndur og eingöngu stuðst við þau vinnubrögð, sem hann sá sér eldri og reyndari starfsmenn viðhafa. Gildi það m. a. um notkun borðsagarinnar. Þau vinnubrögð hafi tíðkast á

verkstæðinu að setja ekki stoppklossa á sagarborðið, ef einungis átti að saga einn viðarbút, þar sem slíkt væri tafsamt. Stefnandi hafi ekki gert sér grein fyrir þeirri hættu, sem fólst í fyrrgreindri aðferð, og treyst til hlítar dómgreind verkstjóra síns og annarra trésmiða verkstæðisins, sem höfðu miklu meiri reynslu að baki en stefnandi. Stefnandi telur það nú algjörlega óverjandi að nota sögina á þann hátt, sem tíðkaðist á verkstæðinu, þ. e. án hlífa og stoppklossa. Þessi frágangur vélarinnar og vinna við hana sé háskaleg og bjóði hættu heim. Stefnandi bendir á fyrirmæli c-liðar gr. 4.3. í reglum um öryggisbúnað véla nr. 492/1987, en þar segi, að sérstaka áherslu skuli leggja á, að vél sé þannig gerð, að starfsmenn komist ekki óviljandi í snertingu við hættulega hluti á hreyfingu. Í leiðbeiningum, sem fylgja reglunum, komi fram, að ákvæðið eigi einkum við um vélar, þar sem klemmi- og skurðarhætta sé. Alla reynslu sína og þekkingu á smíðum hafi stefnandi fengið frá starfsmönnum stefnda, þar sem hann hafi varið öllum námstíma sínum á samningi hjá stefnda. Vegna vinnu sinnar á verkstæði stefnda hafi hann fengið undanþágu frá því að taka grunnáfanga í Iðnskólanum, þar sem kennd séu ýmis öryggisatriði, m. a. vinna við sagir.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Varanleg örorka, atvinnutekjur	kr.	3.900.200
27% frádráttur v/skattfrelsis	–	–1.033.669
Töpuð lífeyrisréttindi	–	234.012
Fjárhæð eftir frádrátt v/skattfrelsis	kr.	3.100.543
5% frádráttur vegna eingreiðsluhagræðis	–	–155.027
Varanleg örorka, nettó	kr.	2.945.516
Tímabundið tekjutap, atvinnutekjur í 6½ mánuð	–	858.936
Nettó örorkutjón	kr.	3.804.452
Miskabætur	–	150.000
Fjárhæð alls tjónsins	kr.	3.954.452
Frádráttur v/greiðslu frá Tryggingastofnun	kr.	–169.973
Dagpeningar úr slysstryggingu launþega	–	–557.173
Eingreiðsla úr slysstryggingu launþega	–	–507.510
Tjónsfjárhæð, sem nú greiðist slasaða	kr.	2.719.796

Um miskabætur vísar stefnandi til þess, að hann hafi farið í þrjár aðgerðir eftir slysið og verið frá vinnu í eitt ár. Hliðsjón verði einnig að hafa af þeim óþægindum, sem hann þurfi að búa við framvegis.

Stefndi telur, að við sönnunarmat verði að taka tillit til þess, að verkstjóri umrætt sinn er afi stefnanda. Krafa stefnanda um sýknu sé að öðru leyti

reist á því, að tjón stefnanda verði á engan hátt rakið til bótaskyldrar sakar vegna vanbúnaðar vélarinnar eða annarra atriða. Slysið verði umfram allt rakið til þess, að stefnandi stóð ranglega að verki. Hafi það falist í því, að hann notaði ekki stoppklossa, sem auðvelt sé að setja á sagarvélinu. Stefnandi sé lærður trésmiður og hafi unnið fjögur ár hjá stefnda. Af skýrslu vinnueftirlits megi sjá, að allur aðbúnaður hafi verið í fullkomnu lagi. Tjónið verði því eingöngu rakið til eigin sakar stefnanda. Stefndi mótmælir því sérstaklega, að þessi vinnuaðferð, að nota ekki stoppklossa, hafi viðgengist á verkstæðinu. Fullyrða megi, að slysið hefði ekki orðið, ef klossar hefðu verið notaðir.

III.

Stefnandi var 21 árs, þegar hann varð fyrir slysi á verkstæði stefnda 30. september 1992. Hann var þá nýlega orðinn sveinn í trésmíði og var að saga viðarbút í borðsögunarvél með ristiblaði. Sú vél er þannig útbúin, að sagarblaðið, sem er hringlaga skífa, stendur upp úr borðplötunni. Viður er síðan lagður á borð vélarinnar og rennt í gegnum sögina. Þegar vélin er notuð þannig, kemur öryggisbúnaður vélarinnar að fullum notum. Öryggishlíf er þá yfir sagarblaðinu og það að mestu leyti hulið. Þegar stefnandi var að saga, var öryggishlífin ekki yfir blaðinu, enda hefði hann þá ekki getað unnið verkið með þeim hætti, sem hann ætlaði sér. Hann ætlaði að gera gat eða rauf í viðarbút, sem var 80 cm á lengd. Þessi viðarbútur var millistykki í dýraumbúnaði, og raufin átti að vera póstlúga. Stefnandi stóð þannig að verki, að hann lyfti viðarbútnum upp á annan endann á sagarborðinu án þess að hafa svokallaðan stoppklossa við endann til þess að fá festu. (Með stoppklossa er átt við viðarkubb, sem festur er með þvingu á „landið“ á sagarborðinu.) Síðan lét hann bútin síga hægt niður á sagarblaðið. En er hann var að lyfta bútnum upp af blaðinu, kippti það snögg í með þeim afleiðingum, að fingur stefnanda lentu í blaðinu.

Það er mat hinna sérfróðu meðdómsmanna, að þessi vinnuaðferð hafi verið beinlínis hættuleg, enda hendur stefnanda komnar nálægt óvörðu sagarblaði, en viðarbúturinn var aðeins 80 cm á lengd. Alltaf sé hætta á, að kröftug vél geti gripið í bútin. Aðferð sú, sem stefnandi notaði áður, þ. e. rafmagnshandsög með öryggishlífum, var hins vegar hættulaus.

Við sakarmat þykja þó tvö atriði skipta mestu máli, annars vegar, að stefnandi fór að fyrirmælum verkstjóra umrætt sinn, og hins vegar, að borðsögin var notuð án öryggishlífar á verkstæðinu.

Stefnandi var að vinna með afa sínum, sem jafnframt var verkstjóri hans. Hann gaf stefnanda þau fyrirmæli að breyta um vinnuaðferð og saga fyrir póstlúgunni í borðsöginni. Framburður verkstjórans, Ólafs Kr. Guðmunds-

sonar, var trúverðugur fyrir dómi, og þykir skyldleiki aðila því ekki skipta máli í þessu sambandi. Verður því talið, að stefnandi hafi breytt um verklag að fyrirskipun verkstjóra, sem stefndi ber húsbóndaábyrgð á. Þá þykir skipta máli, að vélin var að einhverju leyti notuð án öryggishlífar á verkstaði stefnda. Fram hefur komið fyrir dómi, að þau vinnubrögð, er stefnandi viðhafði, voru að einhverju leyti tíðkuð hjá stefnda. Stefnandi hafði verið allan sinn námstíma á samningi hjá stefnda. Nægilega þykir fram komið, að þessi aðferð við að saga í borðvél hafi verið fyrir honum höfð. Þegar framangreint er virt, þykja ekki efni til að lækka bætur til stefnanda vegna eigin sakar hans.

Örorkumati og örorkutjónsútreikningi hefur ekki verið mótmælt. Samkvæmt því er varanleg örorka stefnanda 3.900.200 krónur og tímabundin 1.651.800 krónur. Í kröfugerð sinni hefur stefnandi dregið frá tímabundnu tekjutapi þá fjárhæð, sem stefndi greiddi honum, meðan hann var óvinnufær. Þannig telur stefnandi tímabundið tekjutap sitt hafa numið 858.936 krónum, og verður sú fjárhæð lögð til grundvallar. Þegar litið er til skattfrelsis, hagræðis eingreiðslu, verðmætis tapaðra lífeyrisréttinda, greiðslna til stefnanda frá Tryggingastofnun ríkisins og slysatryggingu launþega, þykir hæfilegt að áætla fjárhagslegt tjón stefnanda 2.520.000 krónur. Þegar virt er sjúkrasaga hans og einnig það, að hann mun tæpast vinna aftur við iðn sína, þykir mega fallast á kröfu stefnanda um 150.000 krónur í miskabætur.

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps miðast við slysdag í útreikningum tryggingafræðingsins. Verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda samtals 2.670.000 krónur (2.520.000 + 150.000) með vöxtum, eins og í dómsorði greinir. Stefndi greiði stefnanda 400.000 krónur í málflutningslaun og 115.590 krónur vegna útlagðs kostnaðar, samtals 515.590 krónur. Er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta ásamt meðdómsmönnum Frey Jóhannessyni byggingartæknifræðingi og Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Trévirki ehf., greiði stefnanda, Ólafi Kristjáni Sveinssyni, 2.670.000 krónur með 1% ársvöxtum frá 30. 9. 1992 til 11. 8. 1993, 1,25% frá þeim degi til 11. 11. 1993, 0,5% frá þeim degi til 1. 6. 1995, 0,65% frá þeim degi til 1. 10. 1996, 0,75% frá þeim degi til 28. 2. 1997, 4,5% frá þeim degi til þingfestingardags 8. 4. 1997, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 515.590 krónur í málskostnað.